




Aflgjafi DC 24 V/5 A

Pöntunarnúmer 0535 00

GIRA

25/13

Lýsing á tæki



- Útgangur: DC 24 V
- Spennudeilir
- Stöðuljós
- Klemma
- Inngangur: AC 230 V

Aflgjafi settur upp


⚠ HÆTTA

Ef komið er við spennuhafa hluta getur það valdið raflosti sem stefnir lífi og limum í hættu.

Áður en unnið er við tækið eða tengdan rafbúnað skal taka strauminn af öllum tilheyrandi sjálfvörum. Hyljið spennuhafa hluti umhverfis.

Aflgjafinn er settur upp með eftirfarandi hætti:

- Takið veituspennu af.
- Setjið aflgjafann á DIN-skinnuna.
- Tengið inn- og útgangsvíra eftir því hvernig á að nota tækið.



- Setjið veituspennu á.

i Hætta er á tjóni ef uppsetning fer ekki rétt fram

Gæta skal að eftirfarandi við uppsetningu til að tryggja að tækið virki rétt:

- Setjið upp í lóðrétttri stöðu þannig að klemman snúi niður.
- Gætið þess að setja aldrei neitt fyrir loftgötin (hætta er á ofhitnun).
- Til að tryggja óhindrað loftstreymi verður að gæta þess að minnst 40 mm bil sé milli tækisins og annarra tækja að ofan- og neðanverðu.

i Hætta er á tjóni ef notkun er ekki með réttum hætti

Tækið er eingöngu ætlað til notkunar í veitukerfum í yfirspennuflokki II. Eingöngu má nota tækið við þann umhverfishita sem tilgreindur er á miðanum á tækinu.

Staða ljósdíóðu

Ljósdíóða	Merking
KVEIKT	Í gangi
SLÖKKT	Yfirálag eða skammhlaup

Förgun



Um er að ræða raf- eða rafeindabúnað í skilningi ESB-tilskipunar 2002/96/EB.

Við hönnun og framleiðslu tækisins var notast við efni og íhluti í hæsta gæðaflokki sem má endurvinna og endurnýta.

Leita skal upplýsinga um gildandi reglur um aðskilda söfnun úr sér gengins raf- og rafeindabúnaðar í hverju landi. Ekki má fleygja þessum búnaði með heimilissorpi. Með því að farga úr sér gengnum búnaði á réttan hátt er dregið úr neikvæðum áhrifum á umhverfið og heilsu manna.

Ábyrgð

Söluaðilar annast þjónustu vegna ábyrgðar samkvæmt lagaákvæðum.

Vinsamlegast afhendið eða sendið (án burðargjalds) tæki sem eru í ólagi til viðkomandi söluaðila (sérverslunar/uppsetningaraðila/raftækjaverslunar) og látið fylgja með lýsingu á því sem á bjátar. Söluaðilinn sendir tækin áfram til Gira Service Center.

Tæknilysing

Inngangsspenna:	AC 230 V ± 10%
Tíðni:	48 til 63 Hz
Afl í lausagangi:	0,95 W
Upplýsingabúnaður:	Stöðuljós
Útgangsspenna:	DC 24 V
Spenna í lausagangi:	DC 24 V
Vikmörk útgangsspennu:	± 3%
Útgangsspenna stillanleg:	DC 24 til 28 V
Útgangsstraumur:	5 A
Straumtakmörkun:	6,3 A
Skammhlaupsstraumur:	7,5 A
Virgni:	90%
Aflstuðull:	0,45
Lágmarksálag:	0 Ω
Yfirálagsvörn:	Rafræn
Skammhlaupsvörn:	Rafræn
Yfirspennuvörn:	Rafræn
Umhverfishiti:	-10 C til +50 °C
Aflminkun ef farið er 10 °K yfir frá og með +50 °C:	-30%
Rakastig (án rakabéttingar):	5 til 90%
Hlífdarstig:	IP20
Hlífdarflokkur:	II
Ytra mál:	6 breiddareiningar
Öryggisstaðall:	EN60950-UL508
Minnsta fjarlægð inn- og útgangskapla:	34 mm
EMV-staðall:	EN55022/B EN61000-4
CE-reglugerð:	2006/95/ECC-89/ 336

Gira

Gira
Giersiepen GmbH & Co KG
Raflagnakerfi
P.O. Box 1220
42461 Radevormwald
Sími +49 (0) 2195 / 602 - 0
Fax +49 (0) 2195 / 602 - 191
info@gira.de
www.gira.de

Öryggisins vegna

Fagfólk skal ávallt annast uppsetningu raftækja.

Hætta er á tjóni og slysum á fólki ef ekki er farið eftir leiðbeiningunum.

Þessar leiðbeiningar fylgja vörunni og skal endanlegur kaupandi fá þær í hendur.

Virgni

Aflgjafinn sér tækjum með DC 24-28 V/5 A fyrir spennu. Hann er byggður upp sem baksveiflubreytir ("flyback") sem gerir að verkum að útgangsspenna helst innan ± 3% vikmarka jafnvel þótt flókt sé á veituspennu og álag breytilegt.

Lágmarksálag er ekki nauðsynlegt.

Útgangsspennan helst stöðug á álagssviði milli 0 og 100%.

Eiginleikar vöru:

- Útgangsspenna stillanleg á bilinu DC 24 til 28 V (spennudeilir).
- Ekki með "Hiccup Mode" eiginleika. Tækið fer örugglega í gang jafnvel þótt um efritt álag sé að ræða (DC/DC-breyta, mótorá o.s.frv.).
- Mikill stöðugleiki. Breytilegt álag hefur hvorki í för með sér "Ringing" né "Overshoot".
- Stöðuljós gefur virgni, yfirálag og skammhlaup til kynna.
- Aflgjafinn getur einnig tekið inn DC-spennu. Þá gildir eftirfarandi:
 - Inngangsspennusviðið er DC 280 til 350 V á tækjum með AC 230 V inngangsspennu eða
 - Inngangsspennusviðið er DC 130 til 350 V á tækjum með inngangsspennu á víðu sviði
- Má eingöngu setja upp í töflum úr sjálfslökkvandi efni skv. DIN EN 60950.
- Til uppsetningar á TH35 DIN-skinnu skv. DIN 60715.

Innifalið

- 1x aflgjafi
- 1x notkunarleiddbeiningar

Gangið úr skugga um að ekkert vanti í umbúðirnar og að innihaldið sé óskemmt. Sjá "Ábyrgð" ef einhverju er ábótavant.